

GJALDSKRÁ

fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í Skerjafirði.

119

3. nív.

1. gr.

Lendingargjöld.

A. Innanlandsflug:

Fyrir lendingar á flugvellinum eða flughöfninni skal greiða kr. 6.00 á hvert tonn flugvélarinnar, miðað við mesta leyfðan flugtaksþunga, allt að 20 tonnum, en kr. 3.00 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn.

Minnsta gjald er kr. 10.00.

B. Millilandaflug:

Fyrir lendingar á flugvellinum eða flughöfninni skal greiða kr. 27.67 á hvert tonn flugvélarinnar, miðað við mesta leyfðan flugtaksþunga, allt að 20 tonnum, en kr. 13.83 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn.

Minnsta gjald er kr. 46.11.

2. gr.

Flugskýlisleiga.

Fyrir heil flugskýli reiknast ársleiga kr. 36.00 á fermetra. Fyrir hluta úr skýli reiknast leigan kr. 5.00 á fermetra á mánuði, en kr. 50.00 á fermetra á ári, ef leigt er til eins árs í senn eða lengur.

Ef einstakar flugvélar eru teknar til geymslu í skýlum flugvallarins reiknast flugskýlisleiga sem hér segir:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring	Leiga á mánuði
Undir 12 m	kr. 10.00	kr. 100.00
12—15 —	— 25.00	— 200.00
15—18 —	— 40.00	— 300.00
18—21 —	— 55.00	— 400.00
21—24 —	— 70.00	— 500.00
24—27 —	— 80.00	— 600.00
27—30 —	— 90.00	— 700.00
yfir 30 —	— 100.00	— 1000.00

3. gr.

Stæðis- og festargjöld.

Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst., en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld sem hér segir:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring
Undir 12 m	kr. 10.00
12—18 —	— 20.00
18—24 —	— 30.00
24—30 —	— 40.00
yfir 30 —	— 45.00

Sé um lengri tíma en viku að ræða, lækka stæðisgjöldin um 50% fyrir þann tíma, sem fram yfir er. Tjóðurhringir skulu vera fyrir hendi á öllum flugvélastæðum. Sjóflugvélar greiði sömu gjöld fyrir að liggja við legufæri sjóflughafnarinnar.

4. gr.

Leiga fyrir skemmur og bragga.

Mánaðarleiga kr. 1.75 fyrir fermetra af gólfleti eða sem hér segir:

Stórar vöruskemmur, 300 m ²	kr. 500.00 á mánuði
Stórir braggar, 110 m ²	— 190.00 — —
Venjulegir braggar, 55 m ²	— 95.00 — —

5. gr.

Leiga fyrir steinsteypta fleti.

Ársleiga kr. 2.50 á fermetra.

6. gr.

Lóðaleiga.

Ársleiga kr. 2.00—7.00 á fermetra eftir verðmæti lóðarinnar, til hvers hún er notuð og leigutíma.

7. gr.

Gjald af flugvélabenzíni.

A. Innanlandsflug:

Af öllu flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvælinum eða frá honum til notkunar í innanlandsflugi, skal greiða flugvælinum gjald, sem hér segir:

Á hvern benzinlítra	kr. 0.09
Á hvert U.S.-gallon	— 0.34

B. Millilandaflug:

Af öllu flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvælinum eða frá honum til notkunar í millilandaflugi, skal greiða flugvælinum gjald, sem hér segir:

Á hvern benzinlítra	kr. 0.4158
Á hvert U.S.-gallon	— 1.567

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála, til að öðlast gildi 15. nóvember 1961 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Reykjavík, og flughöfnina í Skerjafirði, nr. 123 14. september 1946, ásamt breytingum, nr. 48 27. apríl 1950 og nr. 171 12. september 1951.

Samgöngumálaráðuneytið, 3. nóvember 1961.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.